

# Trúarbrögð lækna

## Stefán Steinsson

Heilsugæslulæknir á Akureyri  
[stefansteinsson@gmail.com](mailto:stefansteinsson@gmail.com)

Þegar ég kom í læknaeild Háskóla Íslands var ég nýstíginn upp úr eðlisfræðideild við menntaskóla í fjarlægju þorpi. Þetta var föstudaginn í tuttugustu og annarri viku sumars sem þetta ár bar upp á 15. september svo trúarbrögð voru manni ekki ofarlega í huga. Fyrstu tvö árin liðu átakalítið við líffærafræði og skyld mál en það var dálítill drykkja á manni. Ég var nú svo sem ekki einn. Veturinn 1980-81 fórum við í veiru-, sýkla- og ónæmisfræði með verklegar stundir í lágreistum bragga á Landspítalalóð. Við okkur tók djarfur embættismaður og meistari sem kenndi okkur með miklu brimi og sjávargangi hvernig menn eiga að rækta fingraför sín á Petriskál. Fyrst ræktuðum við fingrafar beint utan úr bæ án frekari þvotta eða samhæfingar. Ræktaðist þá talsvert magn af bakteríum. Síðan þvoðum við hendur okkar af skurðstofukenndri natni án bursta og ræktuðum fingrafar. Þá ræktaðist miklu meira af bakteríum en á óþvegnu fingrafari. Skapaðist af þessu frjó og lífleg umræða en djarfi vísindamaðurinn hafði tromp á hendi: Tjáði hann okkur að bakteríur sem ræktuðust úr þvegnu fingrafari væru hættuminni en þær sem ræktuðust úr óþvegnu. Við skyldum aldrei skirrast við handþvott. Þetta staðfestist á skurðstofugangi með burstum en þó sagði Röggvi snöggi að þessir burstar væru ekki skynsamlegir. Áður en við fjarlægðumst

vísindamanninn ræktuðum við sprittað fingrafar: Þá ræktaðist ekkert. Við spurðum hvort væri skynsamlegra að spritta sig en þvo. Svarið var eitt langt ‚Nei‘ með semingi, ‚það kemur ekkert í staðinn fyrir góðan handþvott.‘ Ég bætti við með sjálfum mér: ‚Látið yður aldrei úr minni líða sjónarmið Hins eilífa.‘ Samt fengum við á tilfinninguna að hér væri um að ræða ritúal. Af og til hefur maður heyrt sömu umræðu síðan: ‚Jú, sprittun drepur áberandi margar bakteríur en ekkert kemur í staðinn fyrir góðan handþvott.‘ Og stór og mikil hefðarkona kenndi okkur handþvott á skurðstofugangi með burstum svo við burstuðum okkur til blóðs en þó sagði Röggvi snöggi að þessir burstar væru ekki skynsamlegir.

Um páska 2018 leysti ég af á Seyðisfirði. Þá réð þar ríkjum síungur læknir. Hann hafði látið setja upp ljósmyndir af fingrafararæktun í anda þess sem að ofan gat. Ekkert ræktaðist af sprittuðum fingri. Skilaboðin voru þau að fólk mætti þvo sér eins og það lysti en ekki gleyma sprittun. Trúarbrögð og ritúal voru ekki fordæmd en þeim var gerður góður ábætisréttur.

Í aldarbyrjun starfaði ég 2½ ár á Slysó í Fossvogi. Þar tókum við ýmis ACLS endurlífgunarnámskeið og fleira og vorum öll orðin ákaflega sprenglærð af endurlífgun svo við vorum að drepast sem stundum gekk upp og stundum ekki. En skrattakollar á ráðstefnum erlendis birtu alltaf sömu niðurstöður: ‚Greiddlega hefur gengið að sýna fram á árangur af grunnendurlífgun: Gott stuð er alltaf gott ef það er gott. En aldrei hefur tekist að sýna



fram á árangur af sérhæfðri endurlífgun.‘ Hana vorum við misgamlir unglæknar búin að læra svo vel að við fórum með prótókollana aftur á bak og áfram upp úr svefni bæði á ensku og íslensku. Ég spurði einn upprennandi bráðalækni: ‚Hversu líst þér, aldrei er hægt að sýna fram á gagn af þessari vorri sérhæfðu endurlífgun?‘ Hann svaraði mér orðrétt: ‚En ég trúi því að hún virki.‘ - Þetta var heiðarlegasta dæmi um trú læknis sem ég hef heyrt.

Í árslok 2017 tók ég áramótavakt á Vopnafirði sem oftar. Þá heyrði ég útvarpsródd eiga viðtal við kvenkyns skurðlækni. Konan sú sagði frá rannsókn þar sem færðar hefðu verið sönnur á að kvenkyns skurðlæknar dræpu færri sjúklinga en þeir sem karlkyns eru. Mér kom þetta ekki á óvart. Á Slysó í aldarbyrjun höfðum við frændi minn og læknaeildarfélagi þóst sjá að kvenkyns unglæknar væru samviskusamari en karlkynið. Þó vissum við ekki hvort þessi skoðun stafaði einvörðungu af því að við hefðum alla tíð verið sjónarmun hrifnari af stelpum en strákuum. Nú. Ég sagði hinum mikla femínista systur minni í Reykjavík frá rannsóknarniðurstöðum þeim er vörðuðu kvenskurðlæknana. Þá svaraði systir mín að bragði: ‚Það er af því þær fá aldrei neitt að skera fyrir körlunum.‘ Og ég spurði mig í þriðja sinn: ‚Eru þetta allt trúarbrögð?‘ Þá spurningu mætti til dæmis taka fyrir á Læknadögum og ræða þrjá daga í röð. En ég lét lokið trúarbragðahugleiðingum frá Akureyri.

Gjört á þriðjudag í þrettándu viku vetrar 2020.